

Heilbrigðisráðuneytið
Vegmúla 3
108 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 13. júlí 2026
Mál nr. 2606088 U.V.H.

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um heilsugæslu.

Á 1282. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 13. júlí 2026 var umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um heilsugæslu tekin fyrir, mál nr. S-110/2026 í samráðsgátt stjórnvalda. Svohljóðandi var bókað:

Samkvæmt íbúakönnun Vífils Karlssonar sem gerð var 2023 eru íbúar í Húnaþingi vestra þeir ánægðustu á landinu með heilbrigðisþjónustu í sínu sveitarfélagi. Gera má ráð fyrir að gott aðgengi að reyndum heimilislæknum sem búsettir eru á svæðinu ásamt framúrskarandi heilbrigðisstarfsfólki öðru eigi stóran þátt í þeirri ánægju. Mikilvægt er að standa vörð um þá þjónustu sem í boði er í sveitarfélaginu og viðhalda ánægju íbúa. Byggðarráð fær ekki séð að þær breytingar sem boðaðar eru í reglugerðardrögunum séu til þess fallnar. Einkum vill ráðið vekja athygli á því að skráning fólks hjá þverfaglegu teymi í stað heimilislæknis er allt öðruvísi í framkvæmd á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þar sem aðgengi að sérfræðingum er mun meira en víðast hvar úti á landi. Ráðið telur að með þeirri breytingu sé ýtt undir lakari þjónustu á landsbyggðinni. Við það verður ekki unað.

Byggðarráð hvetur ráðherra til að taka til greina ábendingar reyndra heilsugæslulækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna sem fram koma í umsögnum um málið og endurskoða reglugerðardrögin í heild sinni.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við heilbrigðisráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.